

Sp.

358. Nefndarálit

[44. mál]

um till. til þál. um leigu og sölu íbúðarhúsnæðis.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað þingsályktunartillöguna, en ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu hennar.

Húsnæðismál hafa verið hjá okkur svipuð og með öðrum þjóðum, hin erfiðustu viðfangs, en jafnframt hin brýnustu í flokki félagsmála. Við Íslendingar höfum framfarar öðrum þjóðum tekið upp þá stefnu að gera fólki sem auðveldast að eignast eigið íbúðarhúsnæði. Hefur að sjálfsögðu misjafnlega gengið í framkvæmd, og margt er enn ógert, svo að verulega sé nálgast sett mark. Ríkið hefur eðlilega haft forgöngu um úrlausnir á hverjum tíma og vissulega veitt mikilsverða aðstoð. Víst er, að vegna þessarar stefnu hefur æ minna verið hugað að byggingu húsnæðis til útleigu og þannig þrengzt mjög að þeim hluta húsnæðismála. Hefur það svo skapað margvísleg vandamál, þar eð langt er enn í land, að slíks húsnæðis sé ekki þörf. Geta má þess, að ýmis fyrirtæki hafa leyst að nokkru leyti þennan vanda að því er starfsfólk þeirra varðar. Einnig hafa sveitarfélög sums staðar lagt sig fram að bæta úr. Ekki má líta fram hjá því, að sveitarfélög hafa að sínum hluta allríka skyldu að sinna þessum þætti félagslegs vanda.

Á síðasta þingi var samþykkt tillaga þess efnis m. a. að fela ríkisstjórninni að láta fram fara könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði í öllum sveitarfélögum landsins. Þetta er yfirgripsmikið verkefni og vísast nokkuð tafsamt. Eigi að síður er þetta algjört undirstöðuatriði. Þessi rannsókn fer fram á vegum ríkisstjórnarinnar ásamt athugun, sem eðlilegt verður að teljast, um, hverjar almennar og nauðsynlegar reglur skuli setja um viðskipti aðila að leiguíbúðarhúsnæði.

Hinn liður þáltill. á þskj. 46 fjallar um skipulag fasteignasölu, þ. e. kaup og sölu íbúðarhúseigna, og hið háa verðlag, sem í þeim málum ríkir. Undir það ber að taka og skal sízt úr dregið, að á þétthýlissvæðunum við Faxaflóa er í þessu efni um hvað mest vandamál að ræða. Hinn síaukni byggingarkostnaður á þar sinn drýgsta þátt auk hins almenna og viðvarandi skorts á húsnæði.

Það er sízt að undrast, þó að mörgum sé þetta umhugsunar- og áhyggjuefni og svo hafi lengi verið. Hitt hefur jafnan vafizt fyrir, hvernig við skyldi bregðast.

Skoðun okkar er sú, að til þess að viðhlítandi lausn fáist á þeim vanda, sem hér er við að etja, svo og margvíslegum öðrum vanda, sé öruggasta og hagkvæmasta úrræðið alhliða, skipuleg og markviss efling landsbyggðarinnar. En til bráðabirgða gætu komið til skynsamlegar ráðstafanir að vel yfirveguðu máli.

Þau málsatriði, sem hér hafa sérstaklega verið rædd, svo og húsnæðismálin í heild eru til könnunar hjá ríkisstjórninni, sem bezta hefur aðstöðu að sjálfsögðu til þess að afla nauðsynlegra upplýsinga, hvernig málin standa, og gera sér heildargrein fyrir þeim. Þess vegna þykir okkur undirrituðum eðlilegast, að eigi sé á þessu stigi tekin afstaða til afmarkaðra leiða í löggjöf, sem sett kann að verða, heldur verði beðið þeirrar niðurstöðu og væntanlegra tillagna af opinberri hálfu, sem af könnuninni leiðir.

Við leggjum því til, að þáltill. verði við svo húið vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 5. marz 1973.

Björn Fr. Björnsson,
form., frsm.

Jón Skaftason.

Birgir Kjaran.

Lárus Jónsson.